

HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD  
HÁSKÓLA ÍSLANDS  
KENNARAR



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ


HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

## Ólöf Ásta Ólafsdóttir

- Fæðingarhjálp
- Hugmyndafræði umönnunar
- Heimafæðingar
- Barneign og heilsa
- Brjóstgjöf



Ólöf Ásta hefur unnið að rannsóknum á sviði ljósmóðurfræða með áherslu á fæðingarhjálp, hugmyndafræði, þekkingarþróun og uppbyggingu námskrár í ljósmóðurfræði, yfirsetuna og samband ljósmæðra og kvenna, mismunandi fæðingarstaði, menningu barneigna og umönnunar í ljósmóðurstarfi. Enn fremur á þróun og árangur ljósmóðurþjónustu, væntingar, reynslu kvenna og áhrif á heilsu þeirra og fjölskyldunnar. Sjónum er m.a. beint að heima-fæðingum, brjóstgjöf, og umönnun nýju fjölskyldunnar.



# Ljósmodurfræði

## Helga Gottfreðsdóttir

- Meðgönguvernd
- Fæðingarfræðsla
- Erfið fæðingarreynsla
- Skipulag meðgönguverndar
- Fræðsla og ráðgjöf á meðgöngu
- Fósturskimun og fósturgreining




Helga er forstöðumaður fræðasviðs um meðgönguvernd og dósent í ljósmodurfræði við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Rannsóknir Helgu tengjast að mestu fjórum sviðum; fósturskimun og fósturgreiningu, foreldrafræðslu og undirbúningi fæðingar, fæðingarhræðslu og skipulagi meðgönguverndar.

## Hildur Sigurðardóttir

- Umönnun sængurkvenna og nýbura
- Sjálfsöryggi og fæðingarreynslan
- Sjálfsöryggi og brjóstgjöf
- Foreldrahlutverkið og aðlögun
- Ungar mæður
- Þjónustuform í ljósmæðraþjónustu og árangur



Hildur er forstöðumaður fræðasviðs um umönnun í sængurlegu. Rannsóknir Hildar hafa einkum beinst að efni ef fjallar um árangur ljósmóðraþjónustu og áhrif mismunandi þjónustuforma s.s. samfelldrar þjónustuforma og heimaþjónustu ljósmæðra auk efnis er tengist t.d. brjóstgjöf, fæðingarreynslu kvenna og sjálfsöryggi.



# Hjúkrunarfræði

## Ásta St. Thoroddsen

- Hjúkrunarskráning
- Upplýsingatækni á heilbrigðissviði
- Flokkunar- og kóðakerfi í hjúkrun
- Rafræn sjúkraskrá
- Sár og sárameðferð



Ásta er dósent við hjúkrunarfræðideild og forstöðumaður fræðasviðs um upplýsingatækni í hjúkrun. Hún hefur unnið að rannsóknum á hjúkrunarskráningu og þróunarverkefnum tengdum rafrænni sjúkraskrá um árabíl. Hvort tveggja hefur miðað að því að bæta skráð gögn í hjúkrun svo unnt sé að styðja klíniska ákvarðanatöku við framkvæmd hjúkrunar, stjórnun, rannsóknir, kennslu, stefnumótun og til að efla gæðaeftirlit og öryggi sjúklinga.

## Birna G. Flygenring

- Hjúkrunarstjórnun
- Starfsánægja hjúkrunarfræðinga
- Starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga og líðan þeirra í starfi
- Starfsmannavelta hjúkrunarfræðinga



Birna hefur unnið að rannsóknum innan hjúkrunarstjórnunar. Sérsvið hennar er starfsánægja hjúkrunarfræðinga og þættir sem hafa áhrif á líðan þeirra í starfi. Hún hefur jafnframt unnið að rannsóknum sem kanna ástæðu þess að hjúkrunarfræðingar hætta í starfi og tengsl þeirrar ákvörðunar við starfsánægju. Sérstakt áhugasvið hennar er starfsánægja ungra hjúkrunarfræðinga og á hvern hátt hún er frábrugðin starfsánægju þeirra hjúkrunarfræðinga em eldri eru. Hún leiðbeinir í verkefnum sem tengjast stjórnun, hjúkrunarstjórnun þ.e. öllum þeim þáttum sem varða hegðun og líðan hjúkrunarfræðinga í starfi.

## Brynja Örlygsdóttir

- Heilsugæsluhjúkrun
- Upplýsingatækni í hjúkrun
- Heilbrigði og heilsuefling skólabarna



Brynja Örlygsdóttir er lektor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og er í tengdri stöðu við Þróunarstofu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Hún vinnur að rannsóknum tengdum heilsugæslunni, með áherslu á heilsu og heilsueflingu skólabarna og kvenna (t.d. heimilisöfbeldi gegn konum).

## Erla Kolbrún Svavarsdóttir

- Fjölskylduhjúkrun
- Öfbeldi í fjölskyldum
- Heilbrigði skólabarna/skólaheilsugæsla



Erla Kolbrún er prófessor í hjúkrunarfræði og frostöðumaður á fræðasviði fjölskylduhjúkrunar við HÍ og LSH. Rannsóknir hennar beinast aðallega að fjölskyldum sem fást við langvinn og bráð veikindi eða verða fyrir áföllum. Auk þess hefur Erla Kolbrún unnið að rannsóknum á afleiðingum öfbeldis fyrr heilsufar kvenna og að rannsóknum innan skólaheilsugæslunnar á lífsgæðum og heilsueflingu skólabarna. Erla Kolbrún vinnur um þessar mundir í samvinnu við innlenda og erlenda fagaðila að meðferðarrannsóknum er tengjast innleiðingu fjölskylduhjúkrunar á LSH, að rannsóknum er tengjast heilsufarslegum afleiðingum öfbeldis og að alþjólegri rannsókn er tengist samfellu í heilbrigðisþjónustu af hálfu skólahjúkrunarfræðinga fyrir unglinga með astma.

## Þóra Jenný Gunnarsdóttir

- Viðbótameðferð
- Eigindlegar rannsóknir
- Hjúkrun langveikra
- Nudd og svæðameðferð



Þóra Jenný er lektor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Hún hefur unnið að eigindlegum rannsóknum á viðbótarmeðferðum í hjúkrun og hjúkrun langveikra. Sérsvið er nudd og svæðameðferð og viðbótarmeðferðir. Þóra hefur stýrt námskeiðum í Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands um viðbótarmeðferðir og stýrt vinnuhóp um innleiðingarferli þeirra á krabbameinssviði Landspítala.

## Sigrún Gunnarsdóttir

- Starfsumhverfi
- Velliðan starfsfólks
- Stjórnun
- Þjónandi forysta
- Fagmennska



Sigrún er lektor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Hún lauk meistaraþrófi í hjúkrun frá Háskóla Íslands árið 2000 og doktorsþrófi frá London School of Hygiene and Tropical Medicine árið 2005. Fræðileg nálgun Sigrúnar er út frá hugmyndafræði lýðheilsu, fagmennsku og þjónandi forystu. Ný rannsóknarviðfangsefni hennar snúa að tengslum þjónandi forystu, og árangurs í stafi og velliðan starfsfólks.

## Sóley S. Bender

- Kynheilbrigði
- Kynfræðsla
- Kynheilbrigðisþjónusta
- Kynhegðun unglunga
- Lýðheilsa unglunga



Sóley hefur unnið að fjölda rannsókna um kynheilbrigði (sexual and reproductive health), einkum meðal ungs fólks. Hún hefur greint tíðni þungana unglingsstúlkna hér á landi og borið saman við önnur Norðurlönd, skoðað kynfræðslu í skólum á fjölþættan hátt, lagt fyrir tvær landskannanir varðandi kynheilbrigðisþjónustu ungs fólks og tekið fjölda viðtala við ungt fólk í rýnihópum um kynheilbrigðismál. Síðari landskönnunin var unnin í samvinnu við Landlæknisembættið. Auk þess hefur hún kannað viðhorf ungs fólks til þjónustu varðandi kynsjúkdóma og skoðað reynslu þess af þeirri þjónustu. Hún hefur rannsakað kynhegðun unglunga og notkun getnaðarvarna meðal þeirra á landsvísi. Einnig hefur hún rannsakað notkun getnaðarvarna meðal kvenna fyrir og eftir fóstureyðingu. Hún er í samvinnu við Bradley háskóla í Bandaríkjunum um alþjóðlega og þverfræðilega rannsókn á Persónuleika og viðhorfum til kynlífs.

## Guðrún Kristjánsdóttir

- Nýbura- og ungbarnahjúkrun
- Hjúkrun skólabarna
- Hjúkrun foreldra
- Lýðheilsa barna og unglunga



Guðrún hefur unnið að rannsóknum á þörfum foreldra barna á sjúkrahúsum og aðlögun foreldra að hlutverki sínu í tengslum við það að eignast fyrirbura. Einnig hefur hún sérhæft sig í rannsóknum á verkjum og verkjameðferð barna á öllum aldri. Þá hefur hún stundað rannsóknir á heilsu og líðan skólabarna og unglunga og gengist við að meta áhrif ýmissa þátta á heilsufar og heilbrigðishegðun fólks á öllum aldri. Guðrún hefur sérstakan áhuga á lýðheilsurannsóknum en einnig á klínískum rannsóknum sem fást við að prófa árangur meðferða á heilsuefingu og hjúkrun barna og foreldra.

## Guðrún Pétursdóttir

- Frumulíffræði og fósturfræði
- Öryggi og slysavarnir á sjó
- Viðbrögð við náttúruhamförum



Guðrún er framkvæmdastjóri Stofnunar Sæmundar fróða og dósent í frumulíffræði og fósturfræði við hjúkrunarfræðideild. Námsferill hennar spannar leiklistar- og tónlistarnám í Vínarborg, nám til B.A.gráðu í sálarfræði við H.Í., M.Sc.þrófs í lífeðlisfræði við háskólann í Oxford og doktorsnám við læknadeild Oslóarháskóla. Rannsóknarsvið Guðrúnar innan lífeðlisfræðinnar hafa einkum verið fósturþroskun taugakerfisins og faraldsfræðilegar samanburðarrannsóknir á Íslendingum og Vestur-Íslendingum, einkum varðandi hjarta- og æðasjúkdóma. Síðustu ár hefur hún einkum unnið að fjölþjóðlegum rannsóknum um umhverfismál, nýtingu og stjórn náttúruauðlinda, orkunotkun og orkuflutninga, hátækni í sjávarútvegi, og áhrif loftslagsbreytinga á strandsamfélög. Rannsóknir hennar sem varða heilbrigðismál beint fjalla um öryggismál sjómanna, langtíma viðbrögð við náttúruhamförum, og samband loftgæða og heilsu.



## Helga Bragadóttir

- Hjúkrunarstjórnun
- Forysta í hjúkrun
- Innleiðing nýjunga í hjúkrun
- Gæði og öryggi í heilbrigðisþjónustu



Helga hefur m.a. leitt og tekið þátt í rannsóknum á gæðum hjúkrunar og heilbrigðisþjónustu, innleiðingu nýjunga þar sem tölvutæknin er nýtt í heilbrigðisþjónustu og rannsóknum á vinnu og vinnuumhverfi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða þar sem öryggi sjúklinga og gæði þjónustunnar eru í brennidæpli. Nemendur hafa tekið þátt í rannsóknaverkefnum undir stjórn Helgu og þannig unnið að ákveðnum afmörkuðum þáttum verkefnanna. Dæmi um slík verkefni eru: rannsókn á upplifun sjúkraliða á vinnu sinni og vinnuumhverfi, þróun mæliaðferðar með handtölvu til að meta vinnu og vinnuumhverfi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, þýðing og staðfæring á spurningalista um viðbótarvinnuálag í hjúkrun og starfsmannavelta, fjarvistir og hjúkrunarþyngd á bráða sjúkrahúsi. Helga og samstarfsfólk hennar vinnur áfram að rannsóknum á vinnu og vinnuumhverfi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða auk þess sem hún undirbýr nú rannsókn á hjúkrun sem er sleppt og teymisvinnu á legudeildum skurðlækninga og lyflækninga.

## Helga Sif Friðjónsdóttir

- Geðhjúkrun
- Hjúkrun einstaklinga með áfengis- og fíkniefnavanda
- Lýðheilsa og forvarnir
- Áhugahvetjandi samtál
- Þróun og prófun á spurningarlista



Helga Sif er lektor við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Hún lauk meistara- og doktorsprófi frá School of Nursing, University of Washington 2007. Rannsóknarviðfangsefni hennar snúa m.a. að þróun og árangursmati á forvörnum og meðferðum fyrir ungt fólk í áfengis- og vímuefnavanda, hjúkrun einstaklinga með áfengis- og vímuefnavanda eða tvíraskanir og kennslu og árangri áhugahvetjandi samtals.



## Rúnar Vilhjálmsson

- Félagsfræði
- Geðheilbrigði fullorðinna
- Heilsumtengd hegðun unglunga og fullorðinna
- Notkun einstaklinga á heilbrigðisþjónustu




Rúnar er doktor í félagsfræði og prófessor í sömu grein við hjúkrunarfræðideild HÍ. Rannsóknir Rúnars fjalla einkum um geðheilbrigði fullorðinna, heilsumtengda hegðun (áhættuhegðun og hollustuhegðun) unglunga og fullorðinna, og notkun einstaklinga á heilbrigðisþjónustunni. Meðal nýlegra rannsóknarverkefna Rúnars má nefna rannsóknir á: 1) sálrænni vanlíðan og notkun geðheilbrigðisþjónustu meðal fullorðinna, 2) ástæðum ólvunardrykkju unglunga, 3) íþróttaiðkun og líkamsrækt unglunga, 4) stuðningskerfi og líðan fullorðinna, og 4) kostnaði sjúklinga og aðgengi að heilbrigðisþjónustunni. Rúnar hefur stjórnað stórum heilbrigðiskönnunum meðal fullorðinna á landsvísu, síðast könnunum Heilbrigði og aðstæður Íslendinga I og II sem fram fóru árin 2006 og 2007. Þá á Rúnar aðild að landskönnunum Lýðheilsustöðvar (Könnun á heilsu og líðan Íslendinga) sem fram fóru 2007 og 2009 og landskönnun meðal íslenskra grunnskólanemenda (Lifnaðarhættir og heilsa skólabarna, HBSC) sem fram fór 2009. Gögn úr öllum þessum könnunum eru aðgengileg nemendum sem vinna lokaverkefni sín undir handleiðslu Rúnars.

## Sigríður Gunnarsdóttir

- Krabbameinshjúkrun
- Líknarmeðferð



Sigríður er dósent og forstöðumaður fræðasviðs í krabbameinshjúkrun við HÍ og LSH. Hún vinnur að rannsóknum á sálfélagslegum viðbrögðum og einkennum sjúklinga með krabbamein og í líknarmeðferð. Auk þess hefur Sigríður umsjón með kennslu í krabbameinshjúkrun og líknarmeðferð í grunn og framhaldsnámi. Hún hefur einnig komið að kennslu í aðferðafræði.



# Marga Thome

## Geðvernd og barneignir

- Geðheilsa kvenna eftir barnsburð
- Sjálfstjórnunarörðugleikar ungra barna



Fræðasviðið Geðvernd fæst við þróun og hagnýtingu fræðilegrar þekkingar um sál-félagsleg og geðræn vandkvæði. Í rannsóknum Mörgu er það afmarkað m.t.t. sængurkvenna og nýbura. Rannsóknirnar fjalla annarsvegar um geðheilsu kvenna eftir barnsburð, um líðan, foreldrahlutverk og brjóstgjöf og hinsvegar um sjálfstjórnunarörðugleika ungra barna sem hafa mikil áhrif á líðan foreldra. Samtenging þekkingar úr taugalíffræði og sálarfræði hefur varpað nýju ljósi á mikilvægi tengsla milli barns og foreldra m.t.t. þroska heilans og miðtaugakerfisins. Það hefur aukið skilning á þróun sál-félagslegra og geðrænna vandkvæða, hvernig megi koma í veg fyrir og lækna þau. Þessi þekkingarþróun hefur hagnýtt gildi fyrir geðvernd einkum á meðgöngutíma, á fyrstu ævi-árunum en ekki síður á öðrum æviskeiðum. Þar sem sál-félagsleg og geðræn vandkvæði eru algeng á barneignaskeiði og heilbrigðisstarfsfólk eins og ljósmæður og hjúkrunarfræðingar hafa meiri aðgang að foreldrum og ungbörnum en ella, eru þessar stéttir í lykilstöðu til að þróa virka geðvernd.

# Páll Biering

- Geðhjúkrun
- Geðheilsa barna og unglinga
- Gerendur og þorlendum ofbeldis
- Hegðunarvandamál og fíkn, þar á meðal tvíþátta sjúkdómur
- Sjálfsmeiðandi hegðun



Páll er dósent í geðhjúkrun við hjúkrunarfræðideild HÍ. Sérþekking hans er á sviði geðheilsu barna og unglinga, fíknar og hegðunarvandamála. Auk þessara sérsviða hafa rannsóknir Páls beinst að siðferðilegum álitamálum í geðheilbrigðisþjónustu, þjónustupörfum fólks með langvinna geðsjúkdóma og hugtakinu *sjúklinga-ánægja*. Um þessar mundir vinnur Páll að eftirtöldum rannsóknarverkefnum: 1) Mat á árangri af innleiðingu klínískra leiðbeininga um mat og fyrstu viðbrögð við ofbeldi í nánum samböndum. 2) Meðferð, batahorfur og félagsleg aðlögun sjúklinga með tvíþátta geðsjúkdóm. 3) Þróun mælitækja til að meta ánægju og árangur af þjónustu Barna og unglíngageðdeildar LSH. 4) Fjölpjódleg rannsókn á misþyrmingum ungmenna á dýrum. 5) Þjónustuparfir sjúklinga með tvíþátta sjúkdóm.



# Helga Lára Helgadóttir

- Hjúkrun smábarna og forskólabarna
- Verkir, verkjameðferð og lundarfar barna



Helga Lára er lektor í barnahjúkrun. Rannsóknir hennar hafa beinst að verkjum, verkjameðferð og lundarfari forskólabarna. Doktorsverkefni Helgu Láru var tilraunarrannsókn þar sem hún bar saman áhrif tvenns konar fræðslu til foreldra um verkjameðferð til að draga úr verkjum 3ja til 7 ára barna heima eftir hálskirtlatöku. Hún hefur rannsakað tengsl lundarfars og verkja eftir skurðaðgerð hjá 3ja til 7 ára börnum og verkjalyfjameðferð eftir skurðaðgerðir hjá börnum. Einnig hefur hún rannsakað notkun foreldra forskólabarna á parasetamóli. Síðastliðin ár hefur hún unnið að því að þýða og forprófa mælitæki til að meta verki og lundarfar smábarna og áætlað að rannsaka tengsl verkja og lundarfars smábarna.

# Helga Jónsdóttir

- Hjúkrunarfræði
- Hjúkrun langveikra fullorðinna
- Hjúkrun lungnasjúklinga
- Samráð við sjúklinga og fjölskyldur



Helga Jónsdóttir er prófessor í hjúkrunarfræði og forstöðumaður hjúkrunar langveikra fullorðinna. Rannsóknir hennar beinast aðallega að langveikum. Annars vegar eru eigindlegar rannsóknir á reynsluheimi langveikra og hins vegar meðferðir og þjónustuform fyrir langveika. Í samvinnu við fræðimenn hefur hún þróað hugmyndaramma fyrir þjónustu fyrir langveika, sérstaklega langveika lungnasjúklinga og innleitt hann í klínískt starf. Byggt á þessum hugmyndaramma vinnur hún nú í þverfaglegri og alþjóðlegri samvinnu að meðferðarrannsókn sem ber heitið *Efling heilbrigðis og sjálfsmönunnar hjá fólki með langvinna lungnateppu og fjölskyldum þeirra*. Rannsóknin er styrkt af Rannis, Rannsóknasjóði H.Í. og Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga. Af öðrum rannsóknum sem eru í vinnslu, eða nýlökkið, má nefna reynslu miðaldra karlmannna sem farið hafa í hjartastopp og verið endurlífgaðir, reynsla fólks sem fengið hefur heilablóðfall af erfiðleikum við að borða og álag lungnasjúkdóms á fjölskyldur.

## Herdís Sveinsdóttir

- Klínískar rannsóknir á aðgerðasjúklingum
- Vinnuumhverfi
- Heilbrigði kvenna



Herdís Sveinsdóttir er prófessor við hjúkrunarfræðideild og forstöðumaður hjúkrunar aðgerðasjúklinga. Rannsóknir hennar á aðgerðasjúklingum hafa snúið að því að skoða kvíða, þunglyndi, verki, almenn einkenni og fræðslu til skurðsjúklinga. Hún hefur skoðað þessa þætti í samvinnu við hjúkrunarfræðinga á Landspítala og á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Herdís hefur ásamt samstarfsfólki á Landspítala nýlengi viðamikilli gagnasöfnun á starfspróun, starfsánægju og starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga á skurðlækningasviði Landspítala og er nú unnið að úrvinnslu þeirra gagna. Herdís hefur nýlega ritstýrt tveim bókum sem snúa að hjúkrun aðgerðasjúklinga og eru höfundar hjúkrunarfræðingar sem hafa stundað nám á meistarastigi við Háskóla Íslands. Nýlegar birtingar hafa snúið að ofangreindum rannsóknaverkefnum (sjá <http://notendur.hi.is/herdis/index.html>). Herdís er formaður stjórnar WENR sem eru samtök Evrópskra hjúkrunarrannsækenda.

## Ingibjörg Hjaltadóttir

- Öldrunarhjúkrun
- Lífsgæði aldraðra
- Gæði í öldrunarhjúkrun



Ingibjörg starfar sem lektor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og hefur unnið að rannsóknum á sviði öldrunarhjúkrunar og þverfaglegum rannsóknum á sviði öldrunarfræða. Hún hefur verið í styrinefnd um RAI rannsóknir á vegum heilbrigðisráðuneytisins frá árinu 1993. Rannsóknir sem Ingibjörg hefur unnið að hafa bæði verið eigindlegar og megindlegar og hafa fjallað um: lífsgæði aldraðra á hjúkrunarheimilum, mönnunarmódel í öldrunarhjúkrun, gæði í öldrunarhjúkrun, næringarástand aldraðara á sjúkrahúsi og meðferð með aðstoð dýra. Ennfremur ýmis rannsóknarverkefni þar sem mælitækið Resident Assessment Instrument (RAI) hefur verið notað þ.e.a.s. RAI mat á hjúkrunarheimilum, RAI mat á öldrunarlækningadeildum, RAI mat í líknarþjónustu og RAI mat í heimaþjónustu. Einnig hefur hún tekið þátt í Norrænu rannsóknarsamstarfi með notkun RAI mælitækja.

## Jóhanna Bernharðsdóttir

- Geðhjúkrun
- Geðheilbrigði kvenna



Jóhanna Bernharðsdóttir er lektor í geðhjúkrun en sérsvið hennar er geðheilbrigði kvenna. Rannsóknir Jóhannu hafa t.d. beinst að sálfélagslegum viðfangsefnum í hjúkrun, tíðni sálrænnar vanlíðunar meðal kvenna og konum sem greinst hafa með geðhvörf. Jóhanna hefur unnið íhlutunarrannsókn á árangri forvarnarnámskeiðs fyrir kvenstúdenta, en námskeiðið byggði m.a. á hugrænni atferlismeðferð.

## Kristín Björnsdóttir

- Að búa heima: Sjónarhorn aldraðra og langveikra
- Góðir starfshættir í heimahjúkrun
- Samstarf við aðstandendur



Kristín hefur rannsakað hugmyndafræði hjúkrunar og starfsaðferðir í hjúkrun um árabíl. Síðustu ár hefur hún einbeitt sér að heimahjúkrun. Kristín vinnur að rannsókn á heimaþjónustu fyrir eldri borgara, 85 ára eða eldri. Meginmarkmið þeirrar rannsóknar er að lýsa góðum starfsáttum í heimahjúkrun og varpa ljósi á þá þætti sem eru mikilvægastir til að aldraðir geti haldið áfram að búa heima. Rannsóknin er unnin í samstarfi við Heimaþjónustu Reykjavíkur. Fjöldmörg verkefni sem tengjast heimahjúkrun biða áhugasamra rannsækenda. Má þar nefna hjúkrun einstaklinga sem búa heima en hafa einkenni um heilabilun, samstarf við aðstandendur og stuðningur við þá, birtingarmynd og aðstoð vegna erfiðleika sem tengjast útskilnaði, verkjum, þreytu, svefni, hreyfingu, o.s.frv. Mikilvægt verður að skoða að hve miklu marki hugmyndir um endurhæfingu, fyrirbyggingu og heilsuefingu eiga við í heimahjúkrun. Það sama gildir um síðfræðileg hugtök eins og sjálfræði, upplýst val og umhyggju.